



Grænt bókhald

Vegna ársins 2006

Sagaplast ehf.,
kt. 611293 – 2169
Flokkur 5.1
Gufunes
112 Reykjavík



- Yfirlýsing stjórnar
- Áritun endurskoðanda
- Almennar upplýsingar
- Breytur og auðlindanotkun
- Lokaorð




Yfirlýsing stjórnar.

Sagaplast ehf, er í fjórða skipti að færa grænt bókhald sbr. reglugerð nr 851/2002.

Starfsemin er spilliefnaþjónusta fyrir sveitarfélög á Íslandi. Ennfremur er hún fólgin í móttöku og útflutningi á böggðum nælonnetum, pappír og plastefnum.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Sagaplast ehf


framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðanda.

Til stjórnar Sagaplasts ehf.


Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Sagaplasts ehf. fyrir árið 2006 en hún hefur að geyma yfirlýsingu framkvæmdastjóra, yfirlit um auðlindanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum félagsins er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáiast um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2006, og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 30. apríl 2007.

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Gerður Guðjónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Almennar upplýsingar.

- Nafn fyrirtækisins er Sagaplast ehf og kennitala þess er 611293-2169.
- Lögheimili er við Gufunes 112 Reykjavík.
- Framkvæmdarstjóri fyrirtækisins er Gunnar Bragason.
- Í stjórn fyrirtækisins sitja.
Formaður: Ögmundur Einarsson
Meðstjórnendur: Haraldur Ólason
Gunnar Bragason
- Fyrirtækið er í flokki 5.1 skv. fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald
- Sagaplast ehf er með starfsleyfi sem gildir til 1. september 2010.
- Tímabil græns bókhald er almanaksárið.

Umhverfisstefna.

Stjórn Sagaplast ehf. hefur samþykkt ákveðna umhverfisstefnu til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum.

Eftirfarandi stefnumarkmið eru höfð að leiðarljósi við alla vinnu í fyrirtækinu.

- Að öll aðstaða fyrirtækisins sé til fyrirmyndar.
- Að með vali á rekstrarvörum og við tækjakaup sé haft að leiðarljósi að lágmarka úrgang og mengun.
- Að fylgjast með þróun í umhverfismálum, innleiða, nýjar aðferðir og vinna stöðugt að umbótum í umhverfisstjórnun.
- Að nota hreina orkugjafa þar sem þess er kostur.
- Að lögð verði áhersla á að minnka pappírnotkun í rekstri fyrirtækisins og flokka og endurvinna þann pappír sem til fellur og nota endurunnar vörur sé þess kostur.
- Að finna hagkvæmar lausnir á þeim viðfangsefnum sem fyrirtækið tekst á við á hverjum degi og gæta þess að þær séu í fullri sátt við náttúru landsins og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Hlutverk Sagaplast ehf.,

Starfsemin felst í að annast spilliefnaþjónustu fyrir sveitarfélög á Íslandi. Ennfremur er hún fólgin í móttöku og útflutningi á t.d. böggðum nælonnetum, pappír og plastefnum.

Á árinu 2006 tók fyrirtækið á móti 1.785.320 kg af spilliefnum og öðrum sértækum úrgangi. Þar af eru 1.445.000 kg til útflutnings en til frekari meðhöndlunar innanlands fóru 340.320 kg.

Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi

Árið 2006

Breyta	Notkun	Eining
Rafmagn	68.064,0	kWh
Heitt vatn	1.862,4	m ³
Bindivír v/böggunar	8.000,0	kg
Plast v/rafgeyma	75,0	m

Árið 2005

Breyta	Notkun	Eining
Rafmagn	19.978,2	kWh
Heitt vatn	1.213,8	m ³
Plast v/rafgeyma	50,0	m

Aukning á magni milli ára skýrist af auknum umsvifum í rekstri. Á árinu 2005 var tekið hlutfall það sem tilheyrði Sagaplast ehf., en þá var öll þjónusta vegna fyrirtækisins keypt í verktöku og þessu var breytt á árinu 2006 þannig að Sagaplast ehf., varð verksali. Plast er notað til að breiða yfir rafgeymakör og bindivír er notaður við böggun fyrir plast, pappír eða aðra úrgangsflokka sem eru sendir í endurvinnslufarveg.

Þess má geta að Sagaplast ehf. kaupir að alla aksturs- og flutningsþjónustu svo að breytur er varða þann lið koma ekki fram í þessari skýrslu.

Kvartanir:

- Sjón mengun
- Hávaði
- Lykt
- Fok

Á árinu komu ekki fram neinar kvartanir og ekki urðu nein vinnuslys á árinu

Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru unnar upp úr reikningum frá birgjum.

Lokaorð

Umhverfismál eru mikilvægur þáttur í starfsemi hvers fyrirtækis, þau eiga að vera í stöðugri endurskoðun varðandi hvað og hvernig er hægt að gera betur.